



---Alþingi---  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/629**  
**komudagur 3.12.2007**

Reykjavík, 30. nóvember 2007  
Tilvísun: 200711-0052

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 203. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 203. mál.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um afnám *verðmiðlunar* og *verðtilfærslna*. Þá er opnað fyrir heimild Verðlagsnefndar búvara til að „verðleggja einstakar vörutegundir þannig að þær skili mismunandi framlegð.“

Það er skoðun Alþýðusambandsins að miklir möguleikar séu fyrir þróun landbúnaðar og matvælaíðnaðar í landinu, t.d. með markaðsstarfi á grundvelli ímyndar um hreinleika og hollustu. Til að losa sem best um þessa sköpunarkrafta þarf að endurskoða núverandi styrkjakerfi í landbúnaði. ASÍ telur að stefna eigi að breytingu úr tollvernd, framleiðslutengdum styrkjum og opinberri verðlagningu yfir í óframleiðslutengdar og síður markaðstruflandi greiðslur.

Í þessu ljósi styður Alþýðusambandið það frumvarp sem hér er til umsagnar. Með afnámi verðmiðlunar og verðtilfærslna er stigið skref í þá átt að minnka markaðstruflandi afskipti af framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða. Hvað varðar heimildina til Verðlagsnefndar búvara að ákveða mismunandi framlegð mjólkurvara ber að hafa í huga að þar sem mjólkuriðnaður nýtur undanþága frá vissum ákvæðum samkeppnislaga og verndar frá samkeppni við innflutning er nauðsynlegt að tryggja að nefndin hafi úrræði sem þetta til að tryggja ásættanlegt verð á brýnum neysluvörum til almennings. Til lengri tíma litið er þó eðlilegt að verðmyndun í greininni ráðist af virkri samkeppni við aðra innlenda framleiðslu og innflutning.

Alþýðusambandið vill vekja sérstaka athygli á eftirfarandi:

Á síðustu misserum hefur stór hluti mjólkuriðnaðarins runnið saman í eina skipulagslega samstæðu, þ.e. rekstrarfélagið Mjólkursamsöluna og eignarhaldsfélagið Auðhumlu. ASÍ lítur svo á að það væri óeðlilegt ef hægt væri að flytja hagnað frá rekstrarfélaginu yfir í eignarhaldsfélagið. Tryggja verður að ákvarðanir Verðlagsnefndar búvöru um heildsöluverð mjólkurvara séu grundvallaðar á upplýsingum um heildarafkomu allra fyrirtækja sem tengjast greininni, þar með töldum rekstrarfélögum og eignarhaldsfélögum.

F. h. Alþýðusambands Íslands,

  
Stefán Úlfarsson  
Hagdeild ASÍ